

Skólaráðsfundur 10. október 2016, haldinn í bókasafninu í Reykholti kl. 15:10.

Mættar: Ásborg, Herdís, Hildur, Ásta Kristjana, Kristín og Guðný Rósa.

1. Starfsáætlun skólaárið 2016-2017

Farið yfir starfsáætlun skólaárið 2016-2017. M.a. farið yfir áhrif þess að leikskóli er nú starfandi í húsnæði grunnskólans, aukið samstarf við leikskóla, aukið samstarf við grenndarsamfélag og farið yfir breytingar á kennsluháttum og breytt vinnubrögð í skólanum.

Færri stuðningsfulltrúar eru nú en í fyrra, en talið nægja. Samstarf við leikskóla hefur aukist, m.a. vegna þess að hann er núna í sama húsi. Skólasel er í samstarfi fjóra tíma af sjö. Danskennslu lokið og stóð í fimm vikur. Fyrsti bekkur fær ART kennslu. Verið er að skapa þá hefð að unglíngastig fari með nágrannaskólum í ferðalag til að hrista hópinn saman. Herdís spyr um samstarf skólans við kvenfélagið varðandi jólaball. Nú er það þannig að kvenfélagið hefur lánað jólasbraut og borgað fyrir jólasveina á skólajólaballinu. Leikskólinn hefur líka verið með grunnskólanum þennan dag.

Valgreinar eru aðeins færri núna en í fyrra þar sem nemendum hefur fækkað. Nýjar valgreinar eru m.a. flugdrekagerð og ljósmyndun.

Breytingar á skóladagatali. Starfsdagur vegna kennarabings var hafður sem opinn valkostur í ár vegna fyrirhugaðrar námsferðar kennara á vorönn. Fyrirhugað er að bæta þeim degi við sem ferðadegi þegar kemur að námsferðinni, en dagurinn var ekki notaður sem starfsdagur að þessu sinni. Skóladagatal er samræmt við grenndarskóla á þann hátt að „nemendalausir“ dagar eru á sama tíma.

Herdís spyr hvort komi til greina að 10. bekkur sinni gæslu gegn greiðslu. Kristín hefur efasemdir um það fyrirkomulag. Ákveðið að fylgjast með hvernig þetta fyrirkomulag gengur hjá Bláskógskóla Laugarvatni og skoða svo kannski aftur seinna.

2. Almennur hluti skólanámskrár 2016-2017

Farið yfir almennan hluta skólanámskrár.

Forvarnardagur unglíngastigs nk. fimmtudag 13. október

3. Önnur mál

Umræður um skólavöllinn og hugmyndir hvernig hægt væri að lífga upp á hann. Hann er í mikilli þörf fyrir endurnýjun og vantar skemmtileg leiktæki. Spurning hvort foreldrar geti þrýst á framkvæmdir og/eða tekið þátt í að búa til leiktæki eða skemmtilega umjörð um skólann.

Fundi slitið 16.35